

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 25. nóvember 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga, 48. mál


Með þingsályktunartillögunni er félags- og barnamálaráðherra falið að skipa starfshóp sem á að móta tillögur um hvernig auka megi atvinnuréttindi ríkisborgara utan EES, EFTA og Færeyja. Samtök atvinnulífsins (SA) fagna því að aukin atvinnuréttindi útlendinga séu til skoðunar á Alþingi enda gerir núverandi ástand það að verkum að fólk utan Evrópska efnahagssvæðisins, EFTA og Færeyja sem vill vinna hérlendis mætir margvíslegum hindrunum. SA styðja að þingsályktunin nái fram að ganga.

Að mati SA er sérstaklega mikilvægt að skoðað sé vandlega það fyrirkomulag að tímabundið atvinnuleyfi starfsmanns sé bundið við tiltekinn atvinnurekanda. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 7. gr. laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga er heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi ef fyrir liggur undirritaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða vegna verkefnis milli atvinnurekanda og útlendinga. Dæmi eru um atvinnurekendur sem hafa ráðið fólk með íslenska kennitölu og bankareikning til sín í góðri trú en síðar kemur í ljós að viðkomandi fékk atvinnuleyfi vegna vinnu hjá öðrum atvinnurekanda. Nýi vinnuveitandinn er þar með orðinn brotlegur við lög og starfsmanninum er vísað úr landi með endurkomubanni á Schengen svæðið í a.m.k. tvö ár. Sama staða getur verið fyrir hendi ef um er að ræða maka aðila sem hefur íslenskan ríkisborgararétt og atvinnurekandinn hefur enga ástæðu til að ætla að viðkomandi sé ekki löglegur á íslenskum vinnumarkaði.

Það er óeðlilegt að atvinnuleyfi einstaklings sé bundið við vinnuveitanda. Ef útlendingur vill skipta um starf verður hann að endurnýja atvinnuleyfi með ráðningarsamningi við nýjan vinnuveitanda. Hann getur ekki byrjað í nýju starfi fyrr en nýtt atvinnuleyfi hefur verið gefið út. Það veitir einstaklingnum minna svigrúm til að þiggja önnur störf og er til þess fallið að skapa valdaójafnvægi á milli starfsmanns og atvinnurekanda. Fyrirkomulagið auðveldar undirboð og gerir óprúttum aðilum kleift að misnota aðstöðu sína gagnvart útlendingum. Kerfið er úrelt og það er mun eðlilegra að atvinnuleyfi sé bundið við starfsmanninn og að hann sjái sjálfur um að sækja um þau leyfi sem þarf til svo að hann geti starfað hér á landi, hafi hann orðið sér út um starf.

Með auknum atvinnuréttindum útlendinga má auðga menningu Íslendinga og hafa jákvæð áhrif á efnahag landsins. Að mati SA er því mikill ávinningur fólgin í því að lagalegar hindranir sem mæta útlendingum sem kjósa að starfa hérlendis séu skoðaðar og að leitað sé leiða til að draga úr þeim þar sem það er mögulegt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir